



**Knattspyrnufélag ÍA**  
**Magnús Guðmundsson, formaður**  
**Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri**

Reykjavík, 24. september 2020

Úrskurður: Kærumál nr. 7/2020 ÍA vegna opinberra ummæla leikmanns

Á fundi Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 22. september 2020 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar þann 18. september 2020, í samræmi við 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði ósæmilega framkomu í formi ummæla sem leikmaður ÍA, Arnar Már Guðjónsson, viðhafði á twitter síðu sinni þann 17. september 2020 í tengslum við leik ÍA og Val í Pepsi Max deild karla þann sama dag. Var um að ræða opinber ummæli sem eru að mati framkvæmdastjóra til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu og með þeim hafi verið vegið að heiðarleika og æru dómara í fyrrgreindum leik ÍA og Vals.

Ummælin eru eftirfarandi:

*„Guðmundur Ársæll Aumingi Rassgatsson. Valur voru betri og áttu sigurinn skilið en við fengum tækifæri til að jafna. Rassgatsson hunsar þá línuvörð sem kallar víti, víti víti! í kerfið. Væri gaman að heyra útskýringu frá honum á því.“*

Greinargerð framkvæmdastjóra var send til ÍA og félaginu gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina.

Á fundi nefndarinnar 22. september 2020 lá fyrir greinargerð sem barst nefndinni þann sama dag frá Geir Þorsteinssyni framkvæmdastjóra Knattspyrnufélags ÍA. Að henni virtri og öðrum fyrirliggjandi gögnum er það álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að tilvitnuð opinber ummæli, sem leikmaður ÍA viðhafði á twitter síðu sinni þann 17. september í tengslum við leik ÍA og Vals í Pepsi Max deild karla, hafi verið ósæmileg og hafi skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu. Samkvæmt þessu falla ummælin undir ákvæði 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 13.9.e), hefur brot á 21. grein í för með sér sekt að fjárhæð kr. 100.000,- en þó ekki lægri en kr. 50.000,- og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Ákvað Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi sínum 22. september 2020 að sekta Knattspyrnufélag ÍA um kr. 50.000,- vegna framangreindra opinberra ummæla.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vill að lokum minna á nauðsyn þess að grein 1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót verði í heiðri höfð, en þar segir: *Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.*

Virðingarfyllt,  
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson